



Fuglarnir í grenndarskóginum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Efla þekkingu á skógarfuglum og lifnaðarháttum þeirra. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Lífsleikni, náttúrufræði, verkleg kennsla, útinám, rannsóknarnám, listgreinar, saga.

Aldur: Öll aldurstig.



VERKLÝSING

Leita upplýsinga um helstu skógarfugla á Íslandi í bókum, á netinu eða með skoðunarferð í grenndarskóg og kortleggja fjölda þeirra, tegundir og ummerki í skóginum, athuga sérstaklega egg á varptíma.

Svara spurningum eins og varpstaðir, fæðuöflun, viðvera á ýmsum tímum ársins. Hvaða fuglar eru það sem velja skógin sem búsvæði og hvaða breytingar hafa átt sér stað með aukinni skógrækt. Hvaða tegundir hafa bæst við og hvernig haga þeir lífi sínu í skóginum.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Skógurinn og nýting hans – Námsgagnastofnun 2001, Lesið í skógin – tálgað í tré – Garðyrkjuskólinn 2002, fuglabækur, netmiðlar, Náttúrufræðistofnun.

Kíkir, bækur eða aðrar upplýsingar um hvaða fugla hugsanlega er að finna í skóginum á einstökum árstímum.